

Samhengi

Staðsetning skóla	Stapaskóli er í Dalshverfi í Reykjanesbæ á Íslandi.
Nemendur	Um 6 til 15 ára, í 1. til 10. bekk. Nemendafjöldi óx hratt og nemendur voru orðnir rúmlega 280 vorið 2021.
Húsakynni og lóð skóla	Ný grunnskólabygging fyrir 520 nemendur. Íþróttahús, sundlaug, leikskóli og hverfisbókasafn verða í húsinu.
Ytra samhengi skóla	Skólinn var vígður 2020 og þjónar nýju hverfi í sjávarþorpi með um 20.000 íbúa. Kennt er á íslensku.
Athugun	Rýniganga og hljóðrituð umræða rýnihópa kennara, annars starfsfólks og nemenda um fjögur til fimm valin svæði sem endurspeglu skólabygginguna í heild.
Skref í þróun	Eftirinnflutningsmat undir lok fyrsta skólaársins.

Verkfæri

Uppeldis- og kennslufræðileg rýniganga:

<https://www.ncl.ac.uk/cored/tools/walk-through/>

Rök að baki athugun og notkun á verkfæri

„Rýnigöngum hefur verið beitt í mismunandi samhengi með þverfaglegum teymum og börnum á ýmsum aldri. Uppeldis- og kennslufræðileg rýniganga er fyrst og fremst tæki fyrir kennara í ýmsum gerðum skóla til að verða sér meira vitandi um hlutverk áþreifanlegs umhverfis hvað snertir nám og kennslu og hvernig það megi best þróa.“

(CoRed, e. d., sjá <https://www.ncl.ac.uk/cored/tools/walk-through/>)

Tækið var valið og því beitt til að auðvelda eftirinnflutningsmat við lok fyrsta skólaársins og gera þannig mismunandi hópum í nýrri skólabyggingu fært að rýna og ræða kosti og galla nýja hússins en líka færa fram hugmyndir um hvernig bæta mætti það umhverfi náms og kennslu sem var til athugunar. Verkfærið þótti bjóða upp á viðeigandi og aðgengilega leið fyrir þátttakendur til að ígrunda húsakynni skólans og kennslufræðileg tækifæri og takmörk sem þar var að finna. Fjórar tegundir gagna eru grundvöllur að þessari rannsókn; skjöl, ljósmyndir, viðtöl og vettvangsnótur úr rýnigöngum. Frekari athuganir gætu byggst á notkun aðferða eða verkfæra á borð við tígulröðun, könnun um rými frá sjónarhorni nemenda og kortlagningu á hreyfingum um skólarýmin.

Fjórir rýnihópar fóru í rýnigöngu sama daginn undir leiðsögn eins rannsakanda hver hópur; tveir hópar níu kennara alls, hópur annarra starfsmanna sem samanstóð af húsverði og fimm stuðningsfulltrúum mismunandi árganga og loks hópur 13 nemenda af öllum aldursárum í fylgd eins kennara. Hver hópur nam staðar á fjórum til fimm völdum svæðum, þar á meðal opnu kennslurými fyrir tvo árganga, kennslurými list- og verkgreina, skólasafni, samkomusal og göngum. Hver þátttakandi hafði með sér eyðublað að fylla út á hverjum stað. Hljóðrituð umræða sem tók frá 15 til 60 mínútur fór svo fram strax að göngu lokinni í fundarherbergi á skrifstofusvæði skólans. Nokkrar athugasemdir um aðstöðu starfsfólks og leiksvæði á skólalóð voru líka teknar upp og rýndar.

Viðtöl við fræðslustjóra og skólastjórnanda auk umræðna í rýnihópum voru tekin upp og slegin inn að því marki sem talið var nauðsynlegt til nákvæmrar greiningar á inntakinu. Þemagreining á gögnum var svo notuð til að varpa ljósi á hugmyndir og ætlanir að baki nýju byggingunni og greina meinta styrkleika og veikleika svæða sem skoðuð voru í skólanum. Ljósmyndir voru notaðar til að rifja upp greind einkenni byggingarinnar og skoða þau í smáatriðum.

Niðurstöður

Niðurstöður endurspegla styrkleika og veikleika hönnunar á byggingu Stapaskóla frá sjónarhóli þátttakenda og vekja um leið traust á þeirri aðferð eða tækinu sem hér var beitt. Meintir kostir og gallar skólahússins reyndust margir sem styður notkun á rýnigöngum sem rannsóknaraðferð. Við getum líka staðfest að göngurnar og umræður sem þeim fylgdu vöktu aukna vitund um eftirtektarverða skólabyggingu sem býður upp á nýjar leiðir í námi og kennslu. Kennarar og nemendur voru sammála um að helsti styrkleikinn fælist í margbreytileika rýma og húsgagna sem gerir það að verkum að nemendur geta valið sjálfir það námsumhverfi sem þeim hentar. Nemendur mátu mikils frelsið í nýja skólanum sínum enda máttu þeir ekki bara, heldur áttu, að stýra að vissu marki umhverfi og inntaki í eigin námi.

Veikleikar snerust oft um tæknierfiðleika sem búast má við á fyrstu stigum í nýrri byggingu og telja verður líklegt að leysist að einhverju marki með tímanum á meðan aðrir veikleikar sem minnst var á gætu orðið erfiðari viðfangs á næstu árum eftir því sem nemendum fjölgar. Samanburðarathugun að einhverjum árum liðnum gæti orðið áhugaverð í því tilliti.

Greina mátti hugmyndir um valdeflingu og vilja til að grípa þau tækifæri sem buðust til að kanna nýjar leiðir og byggðust á tengslum á milli kennara, samvinnu og ígrundun. Við gátum líka greint aðhald og áþreifanlegar hindranir sem komið gætu í veg fyrir að skólastarfið falli í hefðbundna farvegi. Ákveðin tengsl við gamalkunna hætti og viðteknara skipulag umhverfis mátti þó líka greina.

Þátttakendur í rýnigöngunum voru almennt ánægðir með nýja skólann sinn, heillaðir jafnvel af öllu rýminu, náttúrulegri birtu, björtum litum, gagnsæi og líflegu flæði í hópi nemenda og starfsfólks. Þeir gátu lýst tækifærum sem myndu fylgja húsinu fullbyggðu og bentu stoltir á ýmis smáatriði eða einkennandi drætti í hönnun hússins, svo sem litla glugga á milli rýma, glugga og bil sem greiddu birtu leið í gegnum þak eða gólf efri hæðar, útsýni um stóra glugga eða glerveggi innanhúss, sérstaklega ríkulega búið leiksvæði utandyra, snyrtiherbergi inni í kennslustofum, góða hljóðvist á þéttskipuðum svæðum, sameiginlegt kennslurými list- og verkgreina, víðáttumiklar settröppur í samkomusal, innri svalir á gangsvæðum en einnig smærri rými ætluð fyrir sérstakan stuðning, hljóðfærakennslu, nám í hljóði, teymisvinnu eða tæknileg viðfangsefni á borð við upptökur og klippivinnu. Færanleg kennarapúlt og stórir skjáir á hjólum þóttu hagnýtar nýjungar, en einnig hringlaga rými, sveigðir bekkir og ávalar borðplötur sem voru gegnumgangandi um alla bygginguna. Frumleg smáatriði eins og lifandi tré og klifurveggur á neðri hæð eða fjöldi sæta í gluggakistum þóttu líka til fyrirmyndar.

Hönnunin skólabyggingarinnar í heild og smærri dráttum virtist falla vel að opnum og margbreytilegum kennsluháttum byggðum á teymisvinnu og samstarfi.

Ljósmyndir af kennurum, starfsfólki og nemendum að rýna valda hluta byggingarinnar má sjá í **ritrýndri og myndskreyttri rannsóknargrein** um rýnigöngurnar og þessa athugun í heild í alþjóðlega tímaritinu *Buildings* árið 2021:

Anna Kristín Sigurðardóttir, Torfi Hjartarson and Aðalsteinn Snorrason. (2021). Pedagogical Walks through Open and Sheltered Spaces: A Post-Occupancy Evaluation of an Innovative Learning Environment. *Buildings*, 11(11), 503.
<https://doi.org/10.3390/buildings11110503>

Tilviksathugun: Uppeldis- og kennslufræðileg rýniganga – Grunnskóli í Reykjanesbæ á Íslandi

[Collaborative Redesign with Schools – CoReD – Newcastle University \(ncl.ac.uk\)](https://www.ncl.ac.uk/research/collaborative-redesign-with-schools/)

Tweet: [#CollaborativeRedesignwithSchools](https://twitter.com/CollaborativeRedesignwithSchools)

